

um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Nd. 7. ágúst).

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar, þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgara-brjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur í veiðistöð sama hrepps 4 vikur eða lengur, og má þá jafna á hann útsvari hæfilegu, eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, en ekki má leggja hundraðsgjald á afla. Útsvarinu skal formaður hafa lokið fyrir skip sitt, áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum í sama sýslufjelagi, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

3. gr.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn og fjórir kjörnir menn í nefndinni. Þessi breyting á skipun sýslunefndar Vestmannaeyjasýslu kemur þó ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskifti, eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

4. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 36. gr. og fyrri málsgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, svo og þau ákvæði 55., 56. og 61. gr., sem snerta sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu sjerstaklega og fara í bága við lög þessi; enn fremur er úr gildi numin fyrri málsgr. 66. gr. ofannefndra laga.